

Raforkudreifing

Gildir frá 01.04.2026

Virðisaukaskattur af raforku reiknast 24 %. Sérsmæld raforka til húshitunar ber þó 11 % virðisaukaskatt.
Jöfnunargjald reiknast af raforkudreifingu í samræmi við lög nr. 98/2004.

Almenn orkunotkun:

Taxti	Almenn notkun	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar-gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
A1D	Fast verð	46,52			46,52	57,68	kr/dag
	Orkuverð	5,97	2,50	0,52	8,99	11,15	kr/kWh

Skýringar:

Taxti A1D gildir fyrir alla almenna notkun að 500A. Taxti A2UD gildir fyrir einmælingu húsnæðis sem er upphitað með raforku og hefur sömu einingaverð en 85% orkunotkunar bera 11% virðisaukaskatt og 15% notkunar bera 24% virðisaukaskatt.

Taxti A1ND er fyrir sérsmælda rafhitun með niðurgreiðslu og A1UD er fyrir sérsmælda rafhitun sem ekki nýtur niðurgreiðslu Þessir taxtar hafa sömu einingaverð og A1D en með 11% virðisaukaskatti.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði óháð orkunotkun. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

Notendur með 501 A eða stærri tengingu eiga ekki kost á að vera á almennum taxta. Notendum með stærri tengingar en 501 A gefst kostur á að minnka tengingar niður í næstu stærð sem er í boði hverju sinni nú 400 A eða lægra óski þeir eftir því.

Afl- og orkunotkun (skilyrt fyrir 501A og stærri):

Afl og orkunotkun							
Taxti	400 V	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar-gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B1D	Fast verð	272,75			272,75	338,21	kr/dag
	Aflverð	40,14			40,14	49,77	kr/kW/dag
	Orkuverð	0,91	2,50	0,52	3,93	4,87	kr/kWh
	Fasviksgjald	1,92			1,92	2,38	kr/kVARh
Afl og orkunotkun							
Taxti	11 kV	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar-gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B4D	Fast verð	1.808,24			1.808,24	2.242,22	kr/dag
	Aflverð	34,85			34,85	43,21	kr/kW/dag
	Orkuverð	0,79	2,50	0,52	3,81	4,72	kr/kWh
	Fasviksgjald	1,92			1,92	2,38	kr/kVARh
Afl og orkunotkun							
Taxti	400 V	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar-gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B6D	Fast verð	18.255,12			18.255,12	22.636,35	kr/dag
	Aflverð	19,11			19,11	23,70	kr/kW/dag
	Orkuverð	0,66	2,50	0,52	3,68	4,56	kr/kWh
	Fasviksgjald	1,92			1,92	2,38	kr/kVARh
Afl og orkunotkun							
Taxti	11 kV	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar-gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B7D	Fast verð	18.255,12			18.255,12	22.636,35	kr/dag
	Aflverð	16,61			16,61	20,60	kr/kW/dag
	Orkuverð	0,53	2,50	0,52	3,55	4,40	kr/kWh
	Fasviksgjald	1,92			1,92	2,38	kr/kVARh

Taxti	Afl og orkunotkun 33 kV	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar- gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B8D	Fast verð	18,255,12			18,255,12	22,636,35	kr/dag
	Aflverð	10,62			10,62	13,17	kr/kW/dag
	Orkuverð	0,36	2,50	0,52	3,38	4,19	kr/kWh
	Fasviksgjald	1,92			1,92	2,38	kr/kVARh

Skýringar:

Fast verð er fyrir föstum kostnaði, óháðum orkunotkun.

Aflverð er greitt fyrir mældar afleiningar, hvert kW afltopps meðal afl mælt í 60 mínútur. Ársuppgjör afltoppa er miðað við meðaltal fjögurra hæstu mánaðar toppa ársins.

- Afltoppur að næturlagi frá kl.01:00 - kl. 07:00 gildir 60%
- Afltoppur frá júní til og með ágúst gildir 60%
- Afltoppur í maí og september gildir 80%

Hæsti afsláttur gildir hverju sinni

Ef um er að ræða uppgjör fyrir hluta úr ári skal miða við hæsta topp á þrem mánuðum, meðaltal tveggja hæstu á sex mánuðum og meðaltal þriggja hæstu ef um er að ræða níu mánuði. Reikningsfært lágmarks afl er 30 kW. Skilyrði fyrir því að notendur geti tengst samkvæmt töxtum B6D, B7D og B8D eru eftirfarandi: - Lágmarks afl 2 MW, lágmarks nýtingartími 7.000 stundir og lágmarks notkun þá 14 GWh. - Gengið frá langtímasamningi (a.m.k. 5 ár) og ákveðin orkunotkun tryggð („take or pay“). - Tengigjald ákvarðast með samningi sem tekur tillit til raunkostnaðar við tengingu. - Flutningur ýmist verið greiddur beint af viðskiptavini eða samkvæmt ofangreindum taxa og gildir þessi verðskrá þar sem Veitur tengjast Landsneti á 132 kV.

Launorka (launafli) mælir orku sem ekki er notuð í raun, en eykur álag á dreifikerfið. Raunorka (raunafli) mælir orku sem er notuð til að knýja tæki og vélar. Ef launorka fer á mánaðartímabili yfir 50% af raunorku (meðal-aflstuðull lægri en 0,9) þá hafa Veitur heimild til að innheimta svokallað fasviksgjald fyrir hverja umfram launorkustund (kVARh). [Nánari upplýsingar.](#)

Aflnotkun ómæld:

Taxti	Úti- og götulýsing aflverð	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar- gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B21D	Aflnotkun rofin	65,72	25,95	5,40	97,07	120,37	kr/kW/dag

Taxti	Aflnotkun órofin	Dreifing	Flutningur	Jöfnunar- gjald	Samtals	Með 24% vsk	Grunnur
B22D	Fast verð	46,52			46,52	57,68	kr/dag
	Aflverð	143,28	60,00	12,48	215,76	267,54	kr/kW/dag

Skýringar:

B21 er fyrir rofna aflnotkun. Róftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu. Taxtinn er einungis fyrir götulýsingu sveitarfélaga og Vegagerðar og þær veitur sem tengjast því kerfi í dag. Ný götulýsing er sett á mæli.

B22 er fyrir órofna aflnotkun (t.d. umferðaljós og fjarskiptaskápa). Nýr búnaður er settur á mæli.

Reikningsfært afl miðast við uppsett afl.

Heimtaugar tengigjöld lágmarksgjald:

Almenn verð heimtauga gilda á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verð gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum, þar greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun þó aldrei lægra en samkvæmt verðskrá. Dreifiveita reiknar út og innheimtir viðbótarkostnað fyrir tengingu notanda þegar ætla má að beinar tekjur og annar ávinningur dreifiveitu af tengingu standi ekki undir kostnaði við tenginguna. Geri húseigandi, sveitarfélag eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitafélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna, inntaksbúnaðar og á inntaksstað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

Stærð rafmagnsheimtaugar ákvarðast af umsækjanda að teknu tilliti til fjölda íbúða í íbúðarhúsi og fyrirbyggjandi notkun annars húsnæðis. Í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar skal umsækjandi fyrir heimtaugar stærri en 200A leggja fram áætlun um væntanlega aflþörf til næstu 5 ára. Á grundvelli þessarar áætlunar ákveða Veitur og umsækjandi sameiginlega stærð heimtaugar. Sé óvissa um aflþörf áskilja Veitur sé rétt til að minnka heimtaug. Komi til hækkunar á aflþörf innan 5 ára frá spennusetningu dregst greitt heimtugagjald frá kostnaði við stærri heimtaug samkvæmt sérstöku samkomulagi. Veitur bera enga ábyrgð á kostnaði við breytingar á töflu á afhendingarstað.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð aðalvara húsveitu. Fari heimtaugastrengur lengra en 20 metra inn fyrir lóðarmörk greiðir umsækjandi aukalega fyrir allan kostnað sem fylgir þeirri lengingu. Virðisaukaskattur reiknast 24% á öll tengigjöld rafmagns.

Sérstök ákvæði fyrir heimtaug sem eingöngu er ætluð rafbílahleðslu við fjölbýlishús. Húsfélag getur sótt um stækkun heimtaugar eða í undantekningartilvikum viðbótarmeimtaug inn á lóð eða inn fyrir vegg í bílgeymslu ef núverandi heimtaug ber að mati Veitna ekki fyrir séða rafbílahleðslu. Afhendingarstaður auka heimtaugar er ákveðinn af Veitum og miðast við stystu fjarlægð frá götuskáp. Til að sporna við aflaukningu inn á lóðir geta Veitur gert kröfu um að aðrar heimtaugar á lóð verði minnkaðar á móti.

Taxti	Málstraumur	Heimtaugagjald	Með 24% vsk	Skýringar
H1R	16 A 1-fasa	220.715	273.687	
	50 A	239.217	296.629	Hámark í sérbylí
	63 A	316.740	392.758	
	80 A	402.210	498.740	
	100 A	502.761	623.424	
	160 A	804.418	997.478	
	200 A	1.005.522	1.246.847	
	250 A	1.256.903	1.558.560	
	315 A	1.583.698	1.963.786	
	400 A	2.011.045	2.493.696	
	630 A	3.167.395	3.927.570	1
	710 A	3.569.605	4.426.310	1
	900 A	4.524.850	5.610.814	1
	1200 A	6.033.134	7.481.086	1,2
	1400 A	7.038.655	8.727.932	1,2
	1800 A	9.049.701	11.221.629	1,2
	2400 A	12.066.267	14.962.171	1,2
	1 MW 11+ kV	5.100.476	6.324.590	1,3,4
	2 MW 11+ kV	10.200.950	12.649.178	1,3,4
	3 MW 11+ kV	15.301.426	18.973.768	1,3,4
	4 MW 11+ kV	20.401.902	25.298.358	1,3,4
	5 MW 11+ kV	25.502.377	31.622.947	1,3,4

Skýringar:

- Tengingar stærri en 500 A setja viðskiptavin sjálfkrafa á afltaxta (B taxta), óháð notkun.
- Heimtaugar 1200 A og stærri krefjast eigin dreifistöðvar á lóð eða í húsnæði viðskiptavinar.

3. Háspenntar heimtaugar krefjast rýmis fyrir rofabúnað í húsnæði/á lóð viðskiptavinar.
4. Straumur háspenntra heimtauga miðast við uppgefið raunafl og aflstuðul (fasviksstuðul) yfir 0,9.

Aðrar eða stærri heimtaugar eru grundvallaðar á kostnaðarútreikningi í hverju tilfelli, en lágmarksgjald er línulegt (út frá afli) fyrir heimtaugar frá 63 A. Ef þörf er á stærri heimtaug í sérbýli skal liggja fyrir aflátun og heimtaugagjald grundvallað á kostnaðarútreikningi í hverju tilfelli.

Bráðabirgðaheimtaugar tengigjald grunnjald:

Taxti	Málstraumur	Grunnjald	Með 24% vsk
H2R	50 A	87.610	108.636
	63 A	93.450	115.878
	100 A	107.080	132.779
	200 A	204.422	253.483
	315 A	289.119	358.508
	400 A	346.879	430.130

Skýringar:

Innifalið í grunnjaldi er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetning veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verksins greiðist samkvæmt raunkostnaði sem Veitur gefa upp áður en verk hefst og miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra. Með bráðabirgðaheimtaug er átt við heimtaug sem fjarlægð er að verki loknu og gjald fyrir hana dregst ekki frá gjaldi fyrir aðalheimtaug. Ef vinnuskúr hefur verið tengdur við heimtaugarenda verður hann aftengdur um leið og heimagnir eru lagðar inn í hús. Óski umsækjandi eftir frestun á þeirri aftengingu greiðir hann aukalega fyrir tengingu heimtaugar og frágang kr. 67.941 án vsk. Bráðabirgðaheimtaug er eingöngu afhent fyrir utan hús í viðeigandi búnað svo sem vinnuskúr og sem næst dreifikerfi á lóðarmörkum. Fyrir stærri heimtaugar en 400 A er greitt línulega sama grunnjald fyrir hvert amper og fyrir 400 A bráðabirgðaheimtaug.

Tengigjald - Heimtauga fyrir frístundahús og önnur hús utan þéttbýlis:

Taxti	Málstraumur	Heimtauga- gjald	Með 24% vsk
H3R	50 A	777.848	964.532

Skýringar:

Umsækjandi leggur til ídráttarrör að lóðarmörkum. Ef raunkostnaður framkvæmdar fer yfir heimtaugagjald bætist umframkostnaðurinn við heimtaugagjaldið. Miða skal við að fjarlægð milli tengiskáps á lóð og götuskáps Veitna fari ekki yfir 100m.

Tengigjald fyrir skammtímanotkun í viðurkenndan móttökubúnað:

Taxti	Tengigjald	Með 24% vsk
H4R	25.309	31.383
Alltaf er greitt tvöfalt gjald	50.618	62.766

Skýringar:

Greitt er tengigjald bæði fyrir tengingu og aftengingu. Álag vegna vinnu starfsmanna Veitna utan dagvinnutíma er 55%. Ávallt er greitt fyrir notkun samkvæmt orkumælingu.

Kröfur til búnaðar og frágangs mælaskáps eru nánar skilgreindar á vef Veitna, www.veitur.is

Tenging er í öllum tilvikum afhent við tengiskáp Veitna og er umsækjandi ábyrgur fyrir lögnum og lagnaleiðum frá móttökustað, svo sem yfirkeysluvörnum og öðrum vörnum lagna.

Fyrir umsóknir skammtímatenginga 100 A eða stærri skal umsækjandi útvega viðurkenndan mælaskáp með sér hólfi fyrir orkumæli. Tengigjald greiðist samkvæmt verðskrá Veitna fyrir *bráðabirgðaheimtaugar*.

Þrífösun:

Fyrir þrífösun heimtaugar og eða mælis. Þar sem þrífasa spennir er í dreifistöð, götuskápar eru til staðar með lausri varhöldu eða möguleiki er á að bæta henni við í skáp, allir strengir eru fjögurra leiðara alla leið inn í afhendingarstað til viðskiptavinar greiðast 27.667 kr. auk vsk fyrir hvern mæli sem þrífösun nær til. Ef eitthvað af þessum skilyrðum er ekki uppfyllt er greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

Önnur tengipjónusta:

Umbeðin tengipjónusta rafmagnseftirlitsmanns til rafverktaka utan dagvinnutíma á tímabilinu 16:00 til 00:00 virka daga er kr. 72.720 (kr. 90.173 m/vsk) og eftir miðnætti og um helgar kr. 96.964 (kr. 120.235 m/vsk). Framangreind gjöld miðast við að hámarki 3ja tíma útkall. Þurfi jafnframt þjónustu fleiri starfsmanna Veitna utan dagvinnu greiðist sá kostnaður til viðbótar. Gjald fyrir að rjúfa/hleypa á götulýsingu í dreifistöð er kr. 72.720 (kr. 90.173 m/vsk) fyrir hvert tilvik rof og spennusetningu á ný.

Þegar breyta þarf skráningu mæla nýrra tenginga (þegar rangur greiðandi er tilgreindur í þjónustubeiðni/umsókn) eftir áhleypingu að beiðni rafverktaka, byggingaraðila, húsfélags eða umsækjanda skal viðkomandi greiða breytingagjald kr. 47.307 (kr. 58.661 m/vsk) auk kr. 2.611 (kr. 3.238 m/vsk) fyrir hvern mæli umfram einn. Umsækjandi eða rafverktaki ber ábyrgð á að mælar séu rétt skráðir á íbúðir/notendur í upphafi eftir formi umsóknar.

Ef ítrekað er farið yfir málstraum eða bilun inn í húsveitu er útkallsgjald kr. 27.562 (kr. 34.177 m/vsk), þetta á við ef augljóst þykir að notandi hafi orsakað útleysingu á eigin húsveitu.

Þegar Veitur fara í útkall vegna snjallmælis sem hættir að skila gögnum og í ljós kemur að mælir hefur verið tekinn niður af rafverktaka eða húseiganda án tilkynningar til Veitna er innheimt útkallsgjald kr. 27.562 auk virðisaukaskatts af notanda eða rafverktaka.

Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimtauga er kr.79.362 auk vsk. Heimilt er að falla frá þessu gjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

Merki frá mæli fyrir notanda eða ósk um mælapróf

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

Taxti	Skýring	Án vsk. kr.	Með 24% vsk.
H6R	Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	44.477	55.151
H7R	Ótímabær mælaskipti, settur mælir sem hefur möguleika á púlsgangi	13.763	17.066

Skýringar:

Tengigjald er greitt fyrir aðgengi að merki frá mæli. Veitur setja upp tengidós sem er aðgengileg fyrir notanda að tengja við sinn búnað. Ef notandi óskar eftir að mælir sé prófaður og hann reynist í lagi er greitt gjald H7R.

Þurfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.

Veitur taka enga ábyrgð á púlsgangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

Þjónustugjöld:

Seðilgjald eða tilkynningar- og greiðslugjald bætist við eftir því sem við á samkvæmt verði á hverjum tíma en það byggist á raunkostnaði. Jafnframt bætist við gjald vegna innheimtuviðvörunar ef til vanskila kemur, 20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Skýring	Kr.	Með 24% vsk	Grunnur
Aukaálestur	6.982	8.658	kr
Tímaraðamæling ¹	129,68	160,80	kr/dag
Tímaraðamæling án Netorkusendingar	61,03	75,68	kr/dag
Lokunargjald	8.727	10.821	kr
Lokunargjald vegna lokunar að beiðni notanda eða opnun utan dagvinnutíma ²	25.190	31.236	kr

Skýringar:

¹ Gjald fyrir tímaraðamælingu sem raforkunotandi óskar eftir og mældur afltoppur er undir 100 kW.

² Óski notandi eftir tímabundinni lokun eða óski eftir að opnun verði framkvæmd utan dagvinnutíma.

Sjá upplýsingar á vef Veitna; www.veitur.is